

Suður-Ameríka: Fólkið og staðhættir

Leiðbeiningar fyrir kennara



Úr þáttaröðinni
„Landafræði á heimsvísu“

25 mínútna löng fræðslumynd
á vef ætluð nemendum á
mið- og unglíngastígi grunnskóla.

SUÐUR-AMERÍKA: FÓLKIÐ OG STAÐHÆTTIR

© 2013 BENCHMARK MEDIA

© 2013 Þýðandi Gunnar Hrafn Jónsson

© 2013 mynd á forsiðu © Wikipedia

Ritstjóri: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2013

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Umbrot og útlit: Námsgagnastofnun



Námsgagnastofnun

08936

MARKMIÐ KENNSLUNAR

- Að sýna hvernig menning innfæddra indjana, Afríkumanna og Evrópumanna rennur saman í Suður-Ameríku og hvernig það endurspeglast í tónlist, tungumálum, trúarbrögðum, matarræði og list.
- Að sýna hvernig landslag og loftslag hafa áhrif á landbúnað, viðskipti og daglegt líf fólks.
- Að skoða helstu vandamál álfunnar, hvort sem þau eru félagsleg, umhverfisleg, pólitísk eða fjárhagsleg.

ÁÐUR EN MYNDBANDIÐ ER SÝNT

1. Biðjið nemendur um að finna Suður-Ameríku á korti. Nemendur velta fyrir sér hversu langt er þangað frá Íslandi. Nemendur skoða lönd álfunnar, borgir, vötn og ár, fjallendi og láglendi. Hvernig er loftslagið og landslagið í samanburði við Ísland?
2. Ræðið hvaða þættir það eru sem mynda menningu, t.d: trúarbrögð, tungumál, íþróttir, það sem fólk gerir í frístundum, matur, tónlist, list, fjölskyldumynstur og fleira. Biðjið nemendur að gera lista yfir þá menningarstrauma sem þeir hafa tekið eftir í sínu lífi. Til dæmis: maturinn sem þau borða, íþróttir sem þau stunda, tungumálið eða tungumálin sem þau tala og tónlistin sem þau hlusta á. Hvaðan kemur þetta allt upprunalega? Hvernig væri daglegt líf þeirra öðruvísi ef þau hefðu ekki orðið fyrir neinum áhrifum frá öðrum menningarsvæðum? Áður en myndbandið er sýnt er gott að hvetja nemendur til að taka eftir hvað má rekja til tiltekinnar menningarsvæða.
3. Ræðið hvernig landslag, loftslag og náttúruauðlindir hafa áhrif á lifnaðarhætti fólks í Reykjavík og öðrum landshlutum. Biðjið nemendur að hafa þetta í hug þegar þeir horfa á myndbandið, hvernig þessir þættir móta einnig líf fólks í Suður-Ameríku.

INNIHALD MYNDARINNAR

Í Suður-Ameríku eru fyrst og fremst þrjár menningarstraumar: Menning innfæddra indjana, menning frá Vestur-Afríku, og menning Evrópumanna. Greina má straumana í tónlist álfunnar. Helstu tungumál Suður-Ameríku koma frá Evrópu: portúgalska er töluð í Brasilíu, hollenska franska og enska í litlum fyrrverandi nýlendum (Súrínám, Frönsku Gvæjana og Gvæjana) en spænska er töluð í öðrum ríkjum. Sumir afrískir-ameríkanar tala Creole og sumir indjanar tala Quechua eða Guarani.

Arfleifð innfæddra indjana má sjá í fornri byggingalist sem fornleifafræðingar hafa fundið og enn þann dag í dag eru hús byggð með sama hætti. Þá hefur grænmeti frá nýja heiminum borist um allan heim, t.d: maís, kartöflur, tómatar og grasker.

Sterkustu áhrifin frá Afríku eru í Brasilíu og öðrum löndum á austurströnd meginlandsins því þangað var farið með þrælana. Sykkurreyr dafnar vel í heitu loftslagi Brasilíu en ræktunin er mannfrek og kallar á mikla erfiðisvinnu. Þrælar frá Vestur-Afríku urðu fyrir valinu þar sem þangað er styst að sigla frá Brasilíu. Portúgalskir nýlenduherar fluttu fjölda þræla til landsins á 16., 17. og 18. öld. Afrísku arfleifðina má heyra í tónlist og áhrifin eru greinileg í dansbardagalistinni Capoeira. Sum listsköpun byggir á hefðum ættbálka í Vestur-Afríku og trúarhefðir þeirra hafa einnig borist til Brasilíu þar sem þær runnu saman við kaþólska trú.

Evrópskra áhrifa gætir einnig. Spænska og portúgalska eru langútbreiddustu tungumál Suður-Ameríku, flestir játa kaþólska trú, víða eru búgarðar af evrópskri fyrirmynd, byggingalistin er gjarnan evrópsk og áhrifin eru einnig greinileg í tónlistinni.

Í stórborgunum eru stór vandamál. Í Sao Paulo og Ríó de Janeiro í Brasilíu og í Santíago í Síle er gríðarleg loftmengun og umferðaröngþveiti alla daga. Fátækrahverfin eru stór og full af örvæntingarfullu fólki og ástandið getur enn versnað.

Landslag Suður-Ameríku er fjölbreytt. Vestanmegin liggja Andesfjöllin sem ná suður eftir öllu meginlandinu en í norðaustri er flatt láglandi. Eðli málsins samkvæmt er mikil úrkoma í Amason regnskóginum í Brasilíu en í Atacama eyðimörkinni í Síle má finna staði þar sem aldrei hefur rignt frá því að mælingar hófust.

En regnskógurinn er að hverfa og skortur er á skipulögðum aðgerðum til að koma í veg fyrir það. Sífellt er verið að ryðja meira af skóginum til að búa til ræktarland og beitiland fyrir nautgripi. En jarðvegurinn verður fljótt lélegur eftir að skógurinn er farinn og því þarf að ryðja ný svæði og vítahringur landeyðingar heldur áfram. Amason vatnasvæðið nær yfir 40 prósent af meginlandi Suður-Ameríku og skiptir miklu fyrir heimsbyggðina þar sem skógurinn framleiðir mikið súrefni. Einnig er talið að þar leynist plöntur með lækningamátt sem vísindamenn hafa ekki enn náð að greina.

Íbúar Suður-Ameríku nota þau hráefni sem þar er að finna, hvort sem það er viður eða steinn, til að byggja heimili sín. Þeir framleiða mikið af matvöru til útflutnings, t.d.: kaffibaunir, ávexti, kakó baunir, nautakjöt og vín. Útflutningur á steinefnum og málmi frá Suður-Ameríku hefur líka mikla þýðingu fyrir heimsbyggðina. Þó að mörg dæmi séu um að lýðræðislega kjörnum ríkisstjórnnum hafi verið steypt af stóli í gegnum árin eru flest ríki álfunnar með lýðræðislega stjórnarhætti í dag.

EFTIR AÐ MYNDIN HEFUR VERIÐ SÝND

1. Kveikið umræðu um landslag og landafræði með eftirfarandi spurningum: Lýstu landslagi Suður-Ameríku. T.d. Andesfjallgarðinum á vesturströndinni, hálendinu í Gvæjana og Suður-Brasilíu á austurströndinni, flatlendinu á Amazon vatnasvæðinu og Pampas og Patagóníu syðst á meginlandinu.
2. Ræðið hvernig greina má áhrif frá innfæddum indjámum, Afríkumönnum og Evrópumönnum í tónlist, dansi, trúarbrögðum, matarræði, tungumálum, byggingaefni og byggingalist.
3. Skiptið bekknum í þrjá hópa og úthlutið hverjum hópi það verkefni að búa til kynningu á einum af þeim þremur helstu menningarheimum sem mætast í Suður-Ameríku. Það er að segja: einn hópurinn fjallar um menningu indjána, annar um afríska menningu og sá þriðji um evrópsk menningaráhrif. Hver hópur fær það verkefni að undirbúa kynningu, t.d. um trúarbrögð, matarvenjur og svo framvegis. Einnig væri hægt að lýsa venjulegum degi í lífi þessa fólks; t.d. argentínskra kúreka, afrísk-ættaðra bænda sem ryðja regnskógana eða námuverkamanna af indjánaættum í Andesfjöllum.
4. Hvernig breyttist nýting landsins eftir komu Evrópumanna? Portúgalar ræktuðu sykurreyr á láglandi Brasilíu og kaffibaunir á hálendinu. Spánverjar byggðu búgarða við beitilönd á Pampas svæðinu og hófu nautgripa- og sauðfjárrækt. Hvaða svæði urðu fyrir minnstu raski? Amason vatnasvæðið og Andesfjöllin.
5. Ræðið kosti og galla þess að höggva niður og ryðja regnskógana. Kostirnir eru efnahagslegir: atvinnusköpun og verðmætasköpun. Einnig er vonast til að þeir sem flytji á þessi

svæði komi úr þéttbýli og dragi þannig um leið úr vandamálum í stórborgunum. Gallarnir eru augljóslega umhverfisáhrifin; færri tré til að breyta koltvísýringi í súrefni, minni líf-fræðilegur fjölbreytileiki og útrýming mikilvægra tegunda sem gætu haft læknisfræðilegt eða næringarlegt gildi. Einnig almenn mengun á lofti, jarðvegi og vatni. Hvaða hópar eru að berjast fyrir eða á móti þessum framkvæmdum og hvaða aðferðum beita þeir?

6. Hvernig endurspeglast breytt stjórnarfar á Spáni og Portúgal í Suður-Ameríku? Þar voru lengi herforingjastjórnir og það sama má segja um fyrrverandi nýlendur þeirra í Suður-Ameríku. Það má segja að svipaðar breytingar hafi átt sér stað beggja megin Atlantshafsins, þó ekki á sama tíma: smám saman styrktust lýðræðislegar stofnanir, hagkerfin þróuðust og menntakerfi einnig.
7. Biðið nemendur að skipuleggja ferð til Suður-Ameríku. Hægt er að styðjast við kort, upplýsingar frá sendiráðum, bækur og blaðagreinar, vefsíður á netinu, leiðbeiningar fyrir ferðamenn og myndbandið sjálft. Nemendur velja hvernig þeir vilja ferðast, hvert þeir vilja fara, hvað þeir vilja sjá og gera, á hvaða árstíma þeir vilja fara og af hverju. Hvernig ímynda þeir sér landslag og veðurfar á áfangastaðnum?